

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um menntun, réttindi og skyldur lækna, veitingu almennra lækningaleyfa, sérnám í læknisfræði og veitingu sérfræðileyfa.

2. gr.

Skilgreiningar.

- Framvindumat*: Árlegt mat á því hvort sérnámslæknir uppfylli færni-, hæfni- og þekkingarviðmið samkvæmt marklýsingu.
- Handbók um sérnám lækna*: Almennar leiðbeiningar um framkvæmd sérnáms í læknisfræði á Íslandi (Gullbók).
- Marklýsing*: Lýsing á sérnámi, sbr. 19. gr.
- Námslokavottorð*: Staðfesting kennsluráðs viðkomandi sérgreinar eða sérnámsgrunns á námslokum, sbr. 12. gr.
- Sérnám*: Nám og þjálfun læknis í sérnámsgrunni og í tiltekinni sérgrein sem fer fram á viðurkenndri kennslustofnun og samkvæmt viðurkenndri marklýsingu og hefst í fyrsta lagi eftir að læknir hefur lokið háskólanámi í læknisfræði og hlotið almennt lækningaleyfi.
- Viðurkennd kennslustofnun*: Heilbrigðisstofnun eða deild heilbrigðisstofnunar sem mats- og hæfisnefnd um sérnám lækna hefur metið hæfa sem kennslustofnun fyrir sérnám, sbr. 20.

II. KAFLI

Almennt lækningaleyfi.

3. gr.

Starfsheiti.

Rétt til að kalla sig lækni og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem hefur gilt almennt lækningaleyfi útgengið af embætti landlæknis.

4. gr.

Skilyrði fyrir veitingu almenns lækningaleyfis.

Leyfi skv. 3. gr. má veita þeim sem lokið hafa sex ára námi (360 ECTS einingum) sem lýkur með embættisprófi, þ.e. cand. med. prófi í læknisfræði frá læknadeild Háskóla Íslands.

Einnig má veita leyfi á grundvelli náms frá öðru ríki, að fenginni umsögn skv. 5. gr. þar sem komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að námið sé sambærilegt við nám skv. 1. mgr., enda hafi námið farið fram í háskóla sem viðurkenndur er af heilbrigðisyfirvöldum í námsríki og hér á landi. Við mat á umsóknum skal taka tillit til gagnkvæmra samninga við önnur ríki um viðurkenningu menntunar og um viðurkenningu starfsréttinda.

Um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi læknis sem uppfyllir skilyrði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með síðari breytingum, fer samkvæmt reglugerð, nr. 510/2020, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum eða Sviss til að starfa hér á landi. Uppfylli umsækjandi ekki skilyrði sjálfkrafa viðurkenningar skal meta nám hans samkvæmt 2. mgr. Um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi læknis frá sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi fer samkvæmt 12. kafla Fráværslunarsamnings konungsríkisins við EFTA-ríkin innan EES.

Um frekari skilyrði fyrir veitingu almenns lækningaleyfis fer skv. 21. gr.

Um gjaldtöku fyrir veitingu almenns lækningaleyfis fer skv. 23. gr.

5. gr.

Umsagnir.

Áður en leyfi er veitt skv. 3. gr. á grundvelli menntunar utan EES og Sviss skv. 2. mgr. 4. gr. skal landlæknir leita umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands um það hvort menntun umsækjanda teljist sambærileg við menntun skv. 1. mgr. 4. gr.

Þá er landlækni heimilt að leita umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands um umsókn um almennt lækningaleyfi á grundvelli náms frá öðru EES ríki þegar umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði til að hljóta starfsleyfi í námslandi svo sem vegna skilyrtrar starfsþjálfunar eða þegar umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði um sjálfkrafa viðurkenningu.

III. KAFLI

Sérnam og sérfræðileyfi.

6. gr.

Skipulag sérnáms.

Sérnam skal ávallt fara fram á viðurkenndri kennslustofnun og samkvæmt marklýsingu fyrir viðkomandi sérgrein, sbr. 11. gr. og V. kafla.

Sérnam hefst á 12 mánaða sérnámsgrunni skv. 8. gr. Að sérnámsgrunni loknum getur læknir sótt um sérnámsstöðu í sérgrein skv. 11. gr.

Sérnam í tiltekinni sérgrein skal vera að lágmarki fimm ár miðað við 100% starfshlutfall að loknum sérnámsgrunni.

Sá sem lokið hefur viðurkenndu sérnámi samkvæmt marklýsingu getur sótt um sérfræðileyfi skv. 9. gr. og nánari skilyrðum í reglugerð þessari.

7. gr.

Ábyrgð og umsjón með sérnámi.

Framkvæmdastjóri lækninga ber ábyrgð á sérnámi á viðkomandi kennslustofnun. Umsjón með sérnámi skal vera hjá skrifstofu sérnáms á Landspítala eða hjá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu sem skipa kennslustjóra og kennsluráð hvernar sérgreinar. Kennslustjóri úthlutar sérnámslæknum sérnámshandleiðara og klínískum handleiðara.

Skrifstofu sérnáms á Landspítala og Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu er heimilt að gera samninga við aðrar heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar sem kennslustofnanir skv. 20. gr. um kennslu á hluta sérnáms.

Framhaldsmenntunarráð lækninga er ráðgefandi samráðsvettvangur, leitt af yfirlækni sérnáms á Landspítala og skipað kennslustjórum sérnáms, formanni kennsluráðs sérnámsgrunns, forseta læknadeildar Háskóla Íslands og fulltrúa sérnámslækna. Framhaldsmenntunarráð vinnur með mats- og hæfisnefnd að uppfærslu á handbók um sérnam lækna fjórða hvert ár eða samkvæmt beiðni mats- og hæfisnefndar. Til framhaldsmenntunarráðs er heimilt að vísa mati kennsluráðs á fyrra sérnámi eða jafngildum störfum sem unnin hafa verið undir handleiðslu og samkvæmt marklýsingu, sem og ákvörðun framvindumatsnefndar, sbr. 11. mgr., um námsframvindu og námslok. Sé ákvörðun framvindumatsnefndar eða kennsluráðs vísað til framhaldsmenntunarráðs lækninga til endurskoðunar er ráðinu heimilt að skipa ad hoc nefnd þriggja hlutlausra sérfræðilækna, þar sem a.m.k. einn hefur sérfræðileyfi í viðkomandi sérgrein, til að komast að niðurstöðu sem er endanleg á stjórnsýslustigi. Landspítali skal sjá ráðinu fyrir aðstöðu og ritara. Kennslustofnanir sérnáms skulu hafa upplýsingar um framhaldsmenntunarráð lækninga og kennsluráð þeirra sérgreina sem kenndar eru á stofnuninni aðgengilegar á vefsíðu sinni.

Kennsluráð skal starfa innan hvernar sérgreinar sem kennd er hér á landi, leitt af kennslustjóra viðkomandi sérgreinar sem tilnefnir a.m.k. tvo sérfræðilækna í kennsluráðið, sem lokið hafa handleiðaraþjálfun, og er æskilegt að annar sé yfirlæknir. Fjöldi lækna í kennsluráði tekur mið af fjölda sérnámslækna hverju sinni í viðkomandi sérgrein. Fulltrúi viðkomandi fræðasviðs læknadeildar Háskóla Íslands og fulltrúi viðeigandi sérgreinafélags skulu eiga þar sæti ef unnt er. Fulltrúa sérnámslækna skal tryggð áheyrn í kennsluráði í samráði við kennslustjóra. Heimilt er að skipa varamenn.

Commented [KS1]: Þetta gildir ekki um öll sérnam. T.d. sérnam í öldrunarlækningum er 2 ára nám fyrir sérfræðinga í lyflækningum og heimilislækningum en hefst ekki á sérnámsgrunni.

Má segja“ sérnam í aðalgrein hefst á 12 mánaða sérnámsgrunni“

Commented [KS2]: „sérnam í aðalgrein“ skal vera... Ekki þegar um undirsérgrein eða viðbótarsérgrein er um að ræða.

Kennsluráð bera ábyrgð á að tryggja gæði viðkomandi sérnáms og taka ákvarðanir um skipulag, innihald, framkvæmd þess á grundvelli marklýsingar, sbr. 11. og 19. gr., stýra inntöku í sérnámsstöður og meta reynslu úr fyrra sérnámi, eða jafngildum störfum sem unnin hafa verið undir handleiðslu og samkvæmt marklýsingu. Þá samþykkir kennsluráð námslokavottorð og veitir embætti landlæknis umsagnir um sérfræðileyfisumsóknir, hvert á sínu sérsviði.

Í kennsluráði sérnámsgrunns sitja kennslustjórar sérnámsgrunns frá Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri fyrir sjúkrahúshluta, kennslustjóri sérnámsgrunns hjá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu fyrir heilsugæsluhluta ásamt kennslustjórum annarra kennslustofnana sérnámsgrunns eftir þörfum og getu. Skipa skal varamenn frá sömu stofnunum. Kennsluráð velur sér formann úr hópi kennslustjóra sérnámsgrunns.

Í hverri sérgrein sem kennd er hér á landi skal vera kennslustjóri með sérfræðileyfi í viðkomandi sérgrein. Kennslustjóri leiðir kennsluráð sérgreinarinnar sem formaður. Kennsluráð sérgreinar sem aðeins er kennd að hluta til hér á landi skal leitast við að tryggja samstarf við erlendar kennslustofnanir sérnáms þar sem sérnámslæknar geta lokið sérnámi í sérgreininni. Kennslustjóri og framkvæmdastjóri lækninga bera ábyrgð á að innihald, framkvæmd og gæði sérnáms séu í samræmi við samþykktu marklýsingu skv. 19. gr.

Sérnámshandleiðari ber ábyrgð á handleiðslu sérnámslæknis og skrifar skýrslu um framvindu hans í námi sem lögð er fyrir framvindumatsnefnd fyrir formlegt framvindumat. Sérnámshandleiðari skal hafa sérfræðileyfi í viðkomandi sérgrein og hafa lokið og viðhaldið handleiðarþjálfun.

Sérnámslæknir í sérnámi í tiltekinni sérgrein skal hafa nafngreindan klínískan handleiðara á hverri kennslustofnun, sem ber ábyrgð á handleiðslu sérnámslæknis við klínísk störf. Klínískur handleiðari skal hafa sérfræðileyfi og hafa lokið og viðhaldið handleiðarþjálfun.

Í sérnámsgrunni skal læknir hafa handleiðara sem ber ábyrgð á handleiðslu og skrifar skýrslu um framvindu í lok námsárs. Handleiðari skal hafa sérfræðileyfi og hafa lokið og viðhaldið handleiðarþjálfun.

Framvindumatsnefnd er leidd af kennslustjóra sem skipar a.m.k. tvo sérfræðinga viðkomandi sérgreinar og a.m.k. einn hlutlausan aðila. Meginhlutverk nefndarinnar er að gefa út ákvörðun um árlega framvindu og námslok sérnámslæknis. Ákvörðun framvindumatsnefndar má vísa til framhaldsmenntunnarráðs.

Framangreind ráð og nefndir skulu halda fundargerðir og formenn skulu boða fundi og kalla til varamenn eftir þörfum.

8. gr.

Sérnámsgrunnur.

Sérnám skal hefjast á 12 mánaða sérnámsgrunni. Skilyrði fyrir inntöku læknis í sérnámsgrunn er að hann hafi hlotið almennt lækningaleyfi útgefið af embætti landlæknis skv. 3. gr.

Sérnámsgrunnur er þannig skipulagður að fjórir mánuðir eru á lyflækningadeild, fjórir mánuðir á heilsugæslu og fjórir mánuðir á öðrum deildum, að hámarki tveimur, í að lágmarki tvo mánuði í senn á hvorri deild. Miða skal við fullt starf. Sérnámsgrunni skal að fullu lokið áður en sérnám í aðalgrein hefst.

Kennsluráð sérnámsgrunns gerir samning um réttindi og skyldur stofnunar og læknis í sérnámsgrunni.

Nám í sérnámsgrunni skal fara fram samkvæmt marklýsingu fyrir sérnámsgrunn á viðurkenndum kennslustofnunum, sbr. V. kafla.

Kennsluráð sérnámsgrunns tekur ákvörðun um framvindu sérnámsgrunnslæknis í samræmi við framvinduviðmið marklýsingar. Heimilt er að veita undanþágu frá kröfu um 100% starfshlutfall og veita heimildir til töku sérnámsgrunns í hlutastarfi, þó að lágmarki 50% starfi, enda lengist námstími hvers hluta sérnámsgrunnsins sem því nemur. Störf sem unnin eru utan skipulagðra námsblokka samkvæmt þessu ákvæði teljast ekki hluti af sérnámsgrunni.

Formaður kennsluráðs sérnámsgrunns staðfestir á grundvelli ákvörðunar kennsluráðs sérnámsgrunns hvort læknir hafi lokið sérnámsgrunni á fullnægjandi hátt. Ef vafi leikur á um að læknir uppfylli kröfur marklýsingar skal ráðið gera víðeigandi ráðstafanir samkvæmt handbók um sérnám lækna og í samráði við kennslustofnanir sérnámsgrunns.

Commented [ABJ3]: Er þetta ekki líka yfirlæknir sérnáms? Eða kannski útvistar framkvæmdastjóri lækninga þessu bara?

Commented [ABJ4]: Kannski óþarfi að taka fram þar sem sérnámsgrunnur er í raun fyrsta árið af sérnámi, ekki satt? Og þetta stendur í málsgreinunum hérna fyrir ofan

Commented [ABJ5]: Væntanlega er framvindumatsnefnd fyrir hverja sérgrein? Og hún er þá leidd af kennslustjóra hverrar sérgreinar – ekki alveg skýrt hérna, það mætti skilja sem svo að það sé ein framvindumatsnefnd fyrir allt

Commented [KS6R5]: Sammála. Framvindumatsnefnd hverjar sérgreinar.

Commented [KS7]: sérnám í aðalgrein

Kennslustjórar sérnámsgrunns á Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu og öðrum heilbrigðisstofnunum sem fengið hafa viðurkenningu sem kennslustofnanir fyrir sérnámsgrunn bera ábyrgð á að námið sé í samræmi við marklýsingu skv. 18. gr.

Kennsluráði sérnámsgrunns er heimilt er að meta fyrstu stig sérnáms sem stundað hefur verið erlendis upp í sérnámsgrunn enda uppfylli námið skilyrði um marklýsingu og handleiðslu og var stundað við heilbrigðisstofnun sem er viðurkennd sem kennslustofnun af heilbrigðisyfirvöldum í því ríki þar sem námið var stundað og heilbrigðisyfirvöldum hér á landi.

9. gr.

Sérfræðileyfi.

Rétt til að kalla sig sérfræðing í sérgrein skv. 13. gr. og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi [landlæknis](#).

Commented [ABJ8]: Frá embætti landlæknis? – ekki satt?

10. gr.

Skilyrði fyrir sérfræðileyfi.

Sérfræðileyfi má veita að loknu viðurkenndu formlegu sérnámi. Sérfræðileyfi má veita í sérgreinum læknisfræði skv. 13. gr.

Til að lækni geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi skv. 9. gr. skal hann uppfylla eftirtaldar kröfur:

- hafa lokið embættisprófi í læknisfræði frá læknadeild Háskóla Íslands skv. 4. gr. eða hafa lokið sambærilegu námi erlendis,
- hafa hlotið almennt lækningaleyfi hér á landi skv. 3. gr.,
- geta framvísað námslokavottorði sem staðfestir að lækni hafi lokið viðurkenndu sérnámi, að meðtöldum sérnámsgrunni, eða sambærilegu vottorði um þjálfun í öðru ríki, og tileinkað sér þá hæfni, færni og þekkingu sem krafist er fyrir viðkomandi sérgrein skv. 10., 11. og 13. gr. og
- að sérnám hans sé skilgreint innan þeirrar sérgreinar sem umsókn hans um sérfræðileyfi tekur til.

Heildarnámstími sérnáms skal vera að lágmarki fimm ár (60 mánuðir) í aðalgrein, að undangengnum sérnámsgrunni eða starfsnámi skv. 8. mgr. 8. gr. Heildarnámstími í undirsérgrein eða viðbótarsérgrein skal vera að lágmarki tvö ár (24 mánuðir) í hvorri fyrir sig, sbr. þó 5. mgr.

Til að hljóta sérfræðileyfi í undirsérgrein aðalgreinar skal umsækjandi hafa hlotið sérfræðileyfi í viðkomandi aðalgrein og hafa lokið formlegu viðurkenndu sérnámi í undirgreininni. Til að hljóta sérfræðileyfi í viðbótarsérgrein skal umsækjandi hafa hlotið sérfræðileyfi í viðeigandi aðalgrein og lokið formlegu viðurkenndu sérnámi í viðbótargrein. Um umsóknir um sérfræðileyfi í sérgreinum, undirsérgreinum og viðbótarsérgreinum gilda enn fremur skilyrði 13. gr.

Heimilt er að veita sérfræðileyfi á grundvelli sérnáms frá menntastofnun í öðru ríki enda uppfylli það marklýsingu fyrir sérgreinina hér á landi samkvæmt mati kennsluráðs. Einnig er heimilt að viðurkenna sérfræðileyfi á grundvelli mats kennsluráðs viðkomandi sérgreinar eða framhaldsmenntunarráðs lækninga þess efnis að umsækjandi hafi lokið viðurkenndu sérnámi, sbr. 11. gr., í landi sem gerir sambærilegar kröfur um nám og gerðar eru í reglugerð þessari enda þótt námstilhögun sérnáms sé frábrugðin, þar með talið tímaákvæði. Sérnámið skal vera viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi og heilbrigðisyfirvöldum námslands.

Um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi sérmenntaðs læknis frá öðru EES-ríki eða Sviss sem uppfyllir skilyrði tilskipunar 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með síðari breytingum, fer samkvæmt reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-rikjum eða Sviss til að starfa hér á landi, nr. 510/2020, eða samkvæmt samningum sem ríkisstjórnir Norðurlandanna gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda. Um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi sérmenntaðs læknis frá sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi fer samkvæmt 12. kafla Fríverslunarsamnings konungsríkisins við EFTA-rikin innan EES.

Ef ekki er unnt að staðfesta sérfræðileyfi umsækjanda skv. 5. mgr. í sérgrein sem fellur undir sjálfkrafa viðurkenningu í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB má aðeins veita

sérfræðileyfi í sérgreininni hér á landi á grundvelli marklýsingar sem samþykkt er af mats- og hæfisnefnd, sbr. 19. gr., ef kennslustjóri og kennsluráð viðkomandi sérgreinar geta staðfest að kröfur marklýsingar séu uppfylltar með útgáfu námslokavottorðs eða viðurkenningar á sérfræðileyfi frá öðru EES-riki eða Sviss.

Heimilt er að veita umsækjanda um sérfræðileyfi í aðalsérgrein skv. 13. gr. takmarkaða undanþágu á einstaklingsgrundvelli frá hluta sérnáms sem skráð er í lið 5.1.3. V. viðauka tilskipunar 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með síðari breytingum, sbr. tilskipun 2013/55/ESB, enda hafi hann þegar lokið við þann hluta sérnámsins í öðru sérnámi í læknisfræði og þegar öðlast sérfræðileyfi á grundvelli þess sérnáms. Undanþágan má ekki taka til meira en helmingis af lágmarkstíma í viðkomandi sérnámi.

Um frekari skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis fer skv. 21. gr.

Um gjalddöku fyrir veitingu sérfræðileyfis fer skv. 23. gr.

11. gr.

Sérnám í læknisfræði.

Sérnám í læknisfræði skal fela í sér fræðilegt og verklegt nám við heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi eða háskóla eða heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er til slíks sérnáms í því ríki þar sem sérnámið er stundað.

Sérnám í læknisfræði skal uppfylla, hvað varðar innihald og námstíma, kröfur um sérnám sem gerðar eru í því ríki þar sem sérnám er stundað, en við mat á sérnámi frá öðru ríki skal námið metið á grundvelli marklýsingar fyrir sérgreinina hér á landi.

Sérnám skal hefjast á sérnámsgrunni skv. 8. gr. sem skal að fullu lokið áður en sérnám í sérgrein hefst. Framvísa skal námslokavottorði úr sérnámsgrunni skv. 12. gr. Skilyrði fyrir inntöku í sérnám, þar með talinn sérnámsgrunn, er að læknir hafi hlotið almennt lækningaleyfi hér á landi skv. II. kafla.

Allt sérnám hér á landi skal fara fram samkvæmt samþykkttri marklýsingu, sbr. 19. gr., og á heilbrigðisstofnunum eða deildum heilbrigðisstofnana sem hlotið hafa viðurkenningu sem kennslustofnanir fyrir sérnám í læknisfræði, sbr. 20. gr. Kennslustjóri sérnáms, framkvæmdastjóri lækninga og sérnámslæknir gera sérnámssamning þar sem kveðið skal á um réttindi og skyldur stofnunar og sérnámslæknis, áætlun, lengd og fyrirkomulag sérnáms.

Míða skal við að starfshlutfall í sérnámi sé 100%, starf í fimm ár og heildarnámstími því sex ár að meðtöldum sérnámsgrunni. Lægra starfshlutfall lengir sérnámstíma sem því nemur. Heildarnámstími skal að jafnaði ekki vera lengri en níu ár að meðtöldum sérnámsgrunni. Framhaldsmenntunarráði er heimilt, að fenginni tillögu kennslustjóra, að veita heimild til lengri heildarnámstíma, enda séu ríkar ástæður fyrir því.

Við samþykkt nýrrar marklýsingar í sérgrein í læknisfræði skulu sérnámslæknar sem leggja stund á sérnám í sérgreininni hér á landi fá sérnám sitt samkvæmt eldri marklýsingu metið samkvæmt nýrri marklýsingu. Séu ríkar ástæður til staðar skal sérnámslækni standa til boða að ljúka sérnámi sínu samkvæmt eldri marklýsingu. Kennsluráð viðkomandi sérgreinar hér á landi framkvæmir matið og kemst að niðurstöðu sem heimilt er að áfrýja til framhaldsmenntunarráðs lækninga.

Kennsluráði er heimilt að meta, í stað allt að sex mánaða af heildartíma sérnáms í aðalgrein, formlegt doktorsnám sem sérnámslæknir hefur lokið eða er skráður í og hefur lokið að stærstum hluta, á sviði læknisfræði eða tengdra greina enda tengist það sérnámssérgrein viðkomandi. Skilyrði er að sérnámslæknir hafi uppfyllt öll færni- og hæfniviðmið sérnáms í samræmi við framvinduviðmið marklýsingar.

Áunnið sumarfri og vaktafri sem tekið er á sérnámstímanum reiknast sem hluti af heildarnámstíma. Framvindumatsnefnd skal taka ákvörðun um hvort lengja skuli sérnámi ef fjarvera af öðrum ástæðum er umfram 14 vinnudaga á námsári.

Árlega skal framkvæma framvindumat og byggja á því ákvörðun um námsframvindu og námslok sérnámslæknis, sbr. 12. gr. Námslok skulu staðfest af kennslustjóra og kennsluráði þegar fyrir liggur að öllum hæfni- og færnikröfum er mætt samkvæmt framvinduviðmiðum marklýsingar með útgáfu námslokavottorðs skv. 12. gr. undirrituðu af kennslustjóra sem undirritar einnig fyrir hönd kennsluráðs.

Commented [KS9]: sérnám í aðalgrein

Hætti sérnámslæknir sérnámi í einni sérgrein og hefji sérnám í annarri sérgrein, án þess að ljúka fyrra sérnámi, er kennsluráði heimilt að meta hluta þess sérnáms sem stundað hefur verið, enda telji það fullnægjandi skörun vera á milli marklýsinga beggja sérgreina og þeirra hæfni- og færniviðmiða sem sérnámslæknir hefur uppfyllt í fyrra sérnámi. Meta má að hámarki 24 mánuði sérnáms í annarri sérgrein. Þó skal eigi meta meira en sem nemur helmingi námstíma sem fram fer hér á landi, sé um hlutasérnám að ræða.

Þeir sem ljúka sérnámi bæði í aðalsérgrein og undirsérgrein á sjö árum geta haft sveigjanlegri tímamörk milli aðalsérgreinar og undirsérgreinar en að framan getur, svo fremi sem hæfniviðmiðum marklýsinga sé fullnægt. Þó má aðalgrein aldrei taka skemmri tíma en þrjú ár.

12. gr.

Námslokavottorð.

Kennsluráð sérnámsgrunns undirritar námslokavottorð sem byggir á umsögn handleiðara og námsmati þegar læknir hefur lokið sérnámsgrunni skv. 8. gr.

Kennsluráð sérgreinar sem unnt er að stunda að fullu hér á landi undirritar námslokavottorð þegar sérnámslæknir hefur uppfyllt kröfur sérnámsins skv. 11. gr. samkvæmt marklýsingu og ákvörðun framvindumatsnefndar.

Kennsluráði sérgreinar er heimilt að gefa út námslokavottorð skv. 2. mgr. þó svo að hluti sérnáms hafi farið fram í öðru ríki, enda uppfylli sérnámslæknir öll skilyrði gildandi marklýsingar fyrir sérgreinina hér á landi að mati kennsluráðs.

13. gr.

Sérgreinar.

Sérgrein skal standa á traustum fræðilegum grunni og eiga sér samsvörun á viðurkenndum alþjóðlegum vettvangi.

Ráðherra getur ákveðið að fella undir reglugerð þessa nýja sérgrein og undirsérgrein á sérsviði læknisfræði, að fengnum tillögum mats- og hæfisnefndar eða landlæknis, enda standi viðkomandi sérgrein á traustum fræðilegum grunni og eigi sér samsvörun á viðurkenndum alþjóðlegum vettvangi. Landlæknir skal afla faglegs rökstuðnings og umsagnar hjá mats- og hæfisnefnd skv. 18 gr. og Læknafélagi Íslands.

Aðalsérgreinar eru feitlettraðar í köflum I-XVIII hér að neðan og tekur að lágmarki fimm ár að ljúka sérnámi í þeim.

Undirsérgrein felur í sér frekari sérhæfingu á fræða- og starfssviði aðalsérgreinar sem tekur jafnan tvö ár til viðbótar.

Auk tveggja undirsérgreina má veita sérfræðileyfi í einni viðbótarsérgrein, sbr. XIX kafli hér að neðan.

Embætti landlæknis má veita sérfræðileyfi í eftirfarandi sérgreinum læknisfræði:

I. Skurðlækningar:

1. Almennar skurðlækningar.

Undirsérgreinar:

- a. Barnaskurðlækningar.
- b. Brjóst- og innkirtlaskurðlækningar.
- c. Efri-meltingarfæraskurðlækningar.
- d. Hjarta- og brjóstholsskurðlækningar.
- e. Lýtaskurðlækningar.
- f. Ristil- og endaparmsskurðlækningar.
- g. Þvagfæraskurðlækningar.
- h. Æðaskurðlækningar.
- 2. Barnaskurðlækningar.**
- 3. Handaskurðlækningar.**
- 4. Heila- og taugaskurðlækningar.**
- 5. Hjarta- og brjóstholsskurðlækningar.**
- 6. Kviðarholsskurðlækningar.**

Undirsérgreinar:

- a. Skurðlækningar efra kviðarhols.
- b. Ristil- og endaparmsskurðlækningar.
- 7. **Lýtaskurðlækningar.**
- 8. **Þvagfæraskurðlækningar.**
- 9. **Æðaskurðlækningar.**

II. Augnlækningar:*Undirsérgreinar:*

- a. Augnlýtalækningar.
- b. Augasteinsskurðlækningar.
- c. Barnaaugnlækningar.
- d. Glákulækningar.
- e. Hornhimnulækningar.
- f. Sjónhimnulækningar.
- g. Taugaauðnlækningar.

III. Bæklunarskurðlækningar:*Undirsérgrein:*

- a. Handarskurðlækningar.

IV. Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar:*Undirsérgreinar:*

- a. Fósturgreining og meðgöngusjúkdómar.
- b. Innkirtlalækningar kvenna.
- c. Krabbameinslækningar kvenna.
- d. Vanfrjósemislækningar.
- e. Þvagfæraskurðlækningar kvenna.

V. Háls-, nef- og eyrnalækningar:*Undirsérgreinar:*

- a. Háls-, nef- og eyrnaskurðlækningar.
- b. Heyrnarfræði.
- c. Radd- og talmeinafræði.
- d. Háls-, nef- og eyrnalækningar barna.
- e. Taugaheyarnarfræði.

VI. Svæfinga- og gjörgæslulækningar:*Undirsérgreinar:*

- a. Bráðalækningar utan sjúkrahúsa.
- b. Gjörgæslulækningar.
- c. Sérhæfðar verkjalækningar.
- d. Svæfingalækningar við fæðingar.
- e. Svæfinga- og gjörgæslulækningar barna.
- f. Svæfinga- og gjörgæslulækningar við brjósthols- og æðaaðgerðir.

VII. Lyflækningar:**1. Lyflækningar.***Undirsérgreinar:*

- a. Blóðlækningar.
- b. Blóð- og krabbameinslækningar.
- c. Fíknilækningar.
- d. Gigtarlækningar.
- e. Gjörgæslulækningar.
- f. Hjartalækningar.
- g. Innkirtlalækningar.
- h. Krabbameinslækningar.
- i. Líknarlækningar.
- j. Lungnalækningar.

- k. Meltingarlækningar.
- l. Nýmalækningar.
- m. Ofnæmis- og ónæmislækningar.
- n. Smitsjúkdómalækningar.
- o. Öldrunarlækningar.

- 2. **Blóðlækningar.**
- 3. **Blóð- og krabbameinslækningar.**
- 4. **Gigtarlækningar.**
- 5. **Hjartalækningar.**

Undirsérgreinar:

- a. Hjartabilun og hjartaígræðsla.
- b. Hjartaþræðingar og innanæðaaðgerðir.
- c. Myndgreining hjarta.
- d. Raflifeðlisfræði hjarta.

- 6. **Innkirtlalækningar.**
- 7. **Krabbameinslækningar.**

Undirsérgrein:

- a. Geislalækningar krabbameina.

- 8. **Lungnalækningar.**
- 9. **Meltingarlækningar.**
- 10. **Nýmalækningar.**
- 11. **Ofnæmis- og ónæmislækningar.**
- 12. **Smitsjúkdómalækningar.**
- 13. **Öldrunarlækningar.**

VIII. Atvinnu- og umhverfislækningar.

IX. Barnalækningar:

Undirsérgreinar:

- a. Barna- og unglingageðlækningar.
- b. Blóð- og krabbameinslækningar barna.
- c. Bráðalækningar barna.
- d. Erfðalækningar barna.
- e. Fötlun barna.
- f. Gigtarlækningar barna.
- g. Gjörgæslulækningar barna.
- h. Hjartalækningar barna.
- i. Hæfing barna.
- j. Innkirtlalækningar barna.
- k. Lungnalækningar barna.
- l. Meltingarlækningar og næring barna.
- m. Nýburalækningar.
- n. Nýmalækningar barna.
- o. Ofnæmislækningar barna.
- p. Ofnæmis- og ónæmislækningar barna.
- q. Ónæmislækningar barna.
- r. Smitsjúkdómalækningar barna.
- s. Smitsjúkdóma- og ónæmislækningar barna.
- t. Taugalækningar barna.
- u. Unglingalækningar.

X. Bráðalækningar:

Undirsérgreinar:

- a. Bráðalækningar barna.
- b. Bráðalækningar utan sjúkrahúsa.
- c. Eitrunarfræði.

XI. Endurhæfingarlækningar.**XII. Lýðheilsufræði.****XIII. Geðlækningar:****1. Geðlækningar.***Undirsérgreinar:*

- a. Barna- og unglingageðlækningar.
- b. Fiknigeðlækningar.
- c. Réttargeðlækningar.
- d. Samfélagsgeðlækningar.
- e. Öldrunargeðlækningar.

2. Barna- og unglingageðlækningar.**XIV. Heimilislækningar.***Undirsérgrein:*

- a. Héraðslækningar.

XV. Húðlækningar.*Undirsérgrein:*

- a. Húðmeinafræði.

XVI. Lækningarannsóknir:**1. Blóðmeinafræði.****2. Eiturefnafræði.****3. Erfðalæknisfræði.****4. Klínísk lífeðlisfræði.****5. Klínísk lífefnafræði.****6. Klínísk lyfjafræði.****7. Klínísk ónæmisfræði og blóðgjafafræði.****8. Meinefnafræði.****9. Meinafræði.***Undirsérgreinar:*

- a. Barnameinafræði.
- b. Blóðmeinafræði.
- c. Frumumeinafræði.
- d. Réttarmeinafræði.
- e. Taugameinafræði.

10. Ónæmisfræði.**11. Réttarmeinafræði.****12. Sýkla- og veirufræði.****13. Sýklafræði.****14. Veirufræði.****XVII. Myndgreining.***Undirsérgreinar:*

- a. Myndgreining barna.
- b. Myndgreining ísótópa.
- c. Myndgreining rannsóknarinnngripa.
- d. Myndgreining stoðkerfis.
- e. Myndgreining taugakerfis.

XVIII. Taugalækningar:**1. Taugalækningar***Undirsérgreinar:*

- a. Bólgujúkdómar miðtaugakerfis.
- b. Flogaveiki.
- c. Heilaæðasjúkdómar.
- d. Hreyfitruflanir.
- e. Höfuðverkir.

- f. Klínísk taugalífeðlisfræði.
- g. Endurhæfing taugasjúkdóma.

2. Klínísk taugalífeðlisfræði.

XIX. Viðbótarsérgræinir.

Heimilt er að veita lækni, sem hlotið hefur sérfræðileyfi í aðalsérgræin sérfræðileyfi í eftirtöldum viðbótarsérgræinum:

1. Heilbrigðisstjórnun:

Til að öðlast slíka viðurkenningu skal viðkomandi hafa lokið 90 ECTS-eininga viðbótarnámi í heilbrigðisstjórnun og sex mánaða vinnu á stofnun eða deild er fæst við stjórnun heilbrigðismála sem viðurkennd er af mats- og hæfisnefnd skv. 20. gr.

2. Lýðheilsufræði:

Til að öðlast slíka viðurkenningu skal viðkomandi hafa lokið 90 ECTS-eininga viðbótarnámi í lýðheilsufræðum og sex mánaða vinnu við lýðheilsufræði á stofnun sem viðurkennd er af mats- og hæfisnefnd skv. 20. gr.

3. Öldrunarlækningar:

Heimilt er að veita lækni, sem hlotið hefur sérfræðileyfi í heimilislækningum eða almennum lyflækningum, viðbótarsérgræin í öldrunarlækningum. Til að öðlast slíka viðurkenningu skal viðkomandi hafa lokið tveggja ára viðbótarsérnámi í öldrunarlækningum sem viðurkennt er af mats- og hæfisnefnd skv. 19. og 20. gr.

4. Líknarlækningar:

Til að lækni geti hlotið sérfræðileyfi í líknarlækningum sem viðbótarsérgræin skal hann hafa hlotið sérfræðileyfi í aðalsérgræin, annarri en atvinnu- og umhverfislækningum, sérgræin innan lækningarannsóknna, lýðheilsufræði, myndgreiningu eða klínískri taugalífeðlisfræði. Til að öðlast viðurkenningu skal viðkomandi hafa lokið að minnsta kosti tveggja ára viðurkenndu viðbótarsérnámi í líknarlækningum, sbr. 19. og 20. gr.

5. Sérhæfðar verkjalækningar:

Til að lækni geti hlotið sérfræðileyfi í sérhæfðum verkjalækningum sem viðbótarsérgræin skal hann hafa hlotið sérfræðileyfi í aðalsérgræin, annarri en atvinnu- og umhverfislækningum, sérgræinum innan lækningarannsóknna, lýðheilsufræði, myndgreiningu eða klínískri taugalífeðlisfræði. Til að öðlast viðurkenningu skal viðkomandi hafa lokið að minnsta kosti tveggja ára viðurkenndu viðbótarsérnámi í sérhæfðum verkjalækningum, sbr. 19. og 20. gr.

14. gr.

Umsókn um sérfræðileyfi og umsagnir.

Umsóknir um sérfræðileyfi í sérgræinum, undirsérgræinum og viðbótarsérgræinum í læknisfræði skv. 13. gr. skal senda til embættis landlæknis.

Umsækjandi skal leggja fram námslokavottorð í þeirri grein sem sótt er um sérfræðileyfi í ásamt öðrum gögnum sem embætti landlæknis telur nauðsynleg vegna umsóknar.

Áður en sérfræðileyfi í aðal-, undir- eða viðbótarsérgræin er veitt fyrir sérnám sem stundað var utan EES og Sviss eða sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands skal landlæknir leita umsagnar kennsluráðs viðkomandi sérgræinar, eða framhaldsmenntunarráðs lækninga ef slíkt er ekki til staðar, um hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um sérnám skv. 10. og 11. gr.

Einnig er landlækni heimilt að óska umsagnar sömu umsagnaraðila og samkvæmt 3. mgr. um umsóknir ríkisborgara EES og Sviss og vegna náms frá sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi enda sé marklýsing fyrir viðkomandi sérgræin samþykkt af mats- og hæfisnefnd um sérnám í læknisfræði.

Commented [KS10]: ATH!! Þetta er ekki rétt. Öldrunarlækningar er undirsérgræin lyflækninga eða viðbótarsérgræin við heimilislækningar

Commented [ABJ11]: Þarf það ekki að vera viðurkennt af mats- og hæfisnefnd? Eins og allt hitt?

Commented [ABJ12]: Þarf það ekki að vera viðurkennt af mats- og hæfisnefnd? Eins og allt hitt

VI. KAFLI

Réttindi og skyldur.

15. gr.

Faglegar kröfur og ábyrgð.

Læknir skal sýna sjúklingi virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og í samræmi við þær faglegu kröfur sem gerðar eru til lækna á hverjum tíma. Lækni ber að þekkja starfsskyldur sínar og siðareglur lækna.

Læknir skal kynna sér lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu svo og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á.

Lækni ber að stunda símenntun og viðhalda þannig þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið. Læknar skulu skrá upplýsingar um símenntun sína í samræmi við tilmæli fagfélags og sinna upplýsingaskyldu til vinnuveitenda þar um eins og við á.

Læknir ber ábyrgð á þeirri læknisfræðilegu greiningu og meðferð sem hann veitir.

Læknir skal virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð eða vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt og mögulegt er, svo sem ef hann telur sig ekki geta veitt sjúklingnum viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

16. gr.

Upplýsingaskylda og skráning.

Um upplýsingaskyldu læknis gagnvart sjúklingi fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Um skyldu læknis til að veita landlækni upplýsingar, meðal annars vegna eftirlits með heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisþjónustu og til gerðar heilbrigðisskýrsla, fer samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.

Læknir sem veitir sjúklingi meðferð skal færa sjúkraskrá samkvæmt ákvæðum laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

17. gr.

Trúnaður og þagnarskylda.

Um trúnað og þagnarskyldu lækna fer skv. 17. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012.

V. KAFLI

Mats- og hæfnisnefnd um sérnám lækna.

18. gr.

Skipun og hlutverk.

Ráðherra skipar mats- og hæfnisnefnd fimm sérfræðilækna til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands og einn til vara, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands og einn til vara, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu framhaldsmenntunarráðs lækna og einn til vara og ráðherra skipar formann án tilnefningar. Nefndin skal kalla til eftir þörfum sérfræðinga innan sérsviða læknisfræði. Ráðuneytið útvegar nefndinni starfsaðstöðu og starfsmann.

Mats- og hæfnisnefnd skal:

1. Samþykkja marklýsingar fyrir sérnámsgrunn skv. 8. gr. og sérgreinar skv. 13. gr.
2. Meta hæfi heilbrigðisstofnana eða deilda innan þeirra til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnanir til að annast sérnám lækna, þ.m.t. sérnámsgrunn, sbr. 8. gr.
3. Hafa eftirlit með sérnámi og kennslustofnunum eftir þörfum, eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Í þessu felst m.a. að tryggja að sérnám fari aðeins fram á viðurkenndum kennslustofnunum, samkvæmt marklýsingu og að handleiðarar hafi lokið og viðhaldið handleiðarabjálfun.
4. Útbúa gæðaviðmið fyrir a) gerð marklýsinga, b) innleiðingu og framkvæmd sérnáms og c) eftirlit með kennslustofnunum og sérnámi. Þau verði í samræmi við alþjóðleg gæðaviðmið.
5. Fylgja eftir ákvörðunum sínum sem teknar hafa verið í samræmi við úttektir og gæðastýringu.

Commented [ABJ13]: Hérna vantar alveg að segja hvernig á að greiða fyrir þessa vinnu. Það hlýtur að vera deginum ljósara að sérstakleg formaður nefndarinnar verður að vera á launum

Commented [ABJ14]: Af hverju 2 frá LÍ? Af hverju enginn frá embætti landlæknis?

6. Gera tillögur til ráðherra um hvaða sérgreinar sé boðið upp á sérnám í hér á landi og hvað þær skuli kallast.
7. Skipuleggja og halda utan um númerakerfi fyrir sérnámslækna.
8. Veita umsagnir sem krefjast faglegrar sérþekkingar nefndarinnar.
9. Sjá til þess að handbók um framkvæmd sérnáms lækna sé gefin út og uppfærð eftir þörfum, í samvinnu við framhaldsmenntunarráð lækninga.

Embætti landlæknis samþykkir og birtir gæðaviðmið mats- og hæfisnefndar sem og handbók um sérnám lækna.

Embætti landlæknis birtir yfirlit yfir viðurkenndar kennslustofnanir sérnáms lækna, þ.m.t. sérnámsgrunnns, ásamt samþykktum marklýsingum.

Nefndin skal endurskoða mat sitt á viðurkenndum kennslustofnunum og samþykktum marklýsingum á fjögurra ára fresti eða oftar ef tilefni er til.

Nefndinni er heimilt að fela öðrum framkvæmd gæðaeftirlits með kennslustofnunum sérnáms á forsendum og ábyrgð nefndarinnar.

Nefndin skal starfa í nánú samstarfi við kennsluráði sérnámsgrunnns.

19. gr.

Samþykki marklýsinga.

Í marklýsingum skal meðal annars kveðið á um skipulag sérnáms, inntöku, innihald, fyrirkomulag og lengd sérnámsins og einstakra námshluta, gæðakröfur, handleiðslu, framvindumat og færni- og hæfniviðmið.

Við mat marklýsinga skal nefndin kalla til sérfræðinga innan viðkomandi sérsviða læknisfræði. Einnig skal leita alþjóðlegrar ráðgjafar eftir þörfum.

Aður en marklýsing er samþykkt skal nefndin afla umsagna viðkomandi sérgreinafélags, heilbrigðisstofnana/kennslustofnana, embættis landlæknis og eftir atvikum forstöðumanna fræðasviða við Háskóla Íslands.

Nefndin skal senda ráðherra og embætti landlæknis samþykktar marklýsingar fyrir sérnámsgrunn og sérgreinar.

20. gr.

Viðurkenning sem kennslustofnun.

Við mat á hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir sérnám í læknisfræði, þ.m.t. sérnámsgrunn, skal nefndin leggja til grundvallar viðmið sem nefndin hefur sett. Viðmiðin skulu meðal annars byggja á mati á sérstökum faglegum skilyrðum til menntunar í sérnámi í sérnámsgrunni eða á viðkomandi sérsviði læknisfræðinnar. Þá skal í viðmiðunum greint frá því hvernig samráði við stofnanir sem metnar eru skuli háttáð.

Nefndin skal kynna fyrir heilbrigðisstofnunum þau viðmið sem nefndin leggur til grundvallar mati sínu til að heilbrigðisstofnun geti öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir sérnám lækna.

Heilbrigðisstofnun sem fengið hefur viðurkenningu sem kennslustofnun skal tilkynna nefndinni um allar breytingar á starfsemi sem og á mönnun sem haft getur áhrif á hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að teljast viðurkennd sem kennslustofnun til að annast sérnám lækna.

Nefndin skal senda ráðherra og embætti landlæknis yfirlit yfir viðurkenndar kennslustofnanir fyrir sérnámsgrunn og sérgreinar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Frekari skilyrði fyrir veitingu almenns lækningaleyfis og sérfræðileyfis.

Um umsóknir ríkisborgara ríkja sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á menntun og hæfi til að starfa sem heilbrigðisstarfsmaður hér á landi gilda sérstakar reglur í reglugerð nr. xxx/2023 um meðferð umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi skv. lögum nr. 34/2012 um

heilbrigðisstarfsmenn frá umsækjendum frá ríkjum sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

Áður en umsókn skv. 1. mgr. um almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi er tekin til efnislegrar meðferðar skal umsækjandi leggja fram gögn um ríkisfang og undirritaðan ráðningarsamning eða gögn sem sýna fram á að hann megi starfa hér á landi. Ráðningarsamningurinn má innihalda fyrirvara um að embætti landlæknis fallist á umsókn um starfsleyfi eða sérfræðileyfi. Útgáfa almenns lækningaleyfis og sérfræðileyfis fer aðeins fram eftir komu umsækjanda skv. 1. mgr. til Íslands.

Hafi að mati landlæknis ekki verið sýnt fram á að nám umsækjanda skv. 1. mgr. uppfylli kröfur skv. 4., 10. og 11. gr. er landlækni heimilt að krefjast þess að umsækjandi gangist undir aðlögunartíma eða hæfnispróf sem sýni fram á að hann búi yfir þeirri faglegu þekkingu og hæfni sem krafist er af lækni og sérmenntuðum lækni til að starfa hér á landi. Embætti landlæknis getur falið kennslustjóra sérnámsgrunnns eða þeirrar sérgreinar sem sött er um sérfræðileyfi að skipuleggja aðlögunartíma og hæfnispróf. Aðlögunartími skal byggja á þeim kröfum sem að jafnaði eru gerðar í sérnámsgrunni eða á síðustu sex mánuðum marklýsingar í viðkomandi sérgrein. Standist umsækjandi kröfurnar gefur kennslustjóri út námslokavottorð.

22. gr.

Heimild til að synja umsókn um almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi.

Landlækni er heimilt að synja umsækjanda um almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi uppfylli umsækjandi ekki skilyrði reglugerðar þessarar.

Landlækni er einnig heimilt að synja umsækjanda um almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi þótt skilyrði reglugerðar þessarar séu uppfyllt telji landlæknir að nám umsækjanda hafi ekki verið nægilega samfelld eða að óvenjulega langur tími hafi liðið frá því að umsækjandi lauk samfelldu námi eða sérnámi og þar til umsókn barst umsækjanda hafi ekki tekist að sýna fram á að þrátt fyrir það hafi hann viðhaldið þekkingu sinni og hæfni og stundað sí- eða endurmenntun.

23. gr.

Gjaldtaka.

Landlækni er heimilt að innheimta sérstakt gjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur til viðbótar gjaldi skv. 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, fyrir hvers konar afgreiðslu og meðhöndlun á umsóknum um almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, þar á meðal fyrir þýðingu gagna, mat umsagnaraðila á umsókn heilbrigðisstarfsmanns, yfirferð og mat gagna og aðra umsýslu vegna umsókna um starfsleyfi eða sérfræðileyfi skv. 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, og skv. 3. mgr. 8. gr. laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, sbr. 45. gr. reglugerðar um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum eða Sviss til að starfa hér á landi, nr. 510/2020.

24. gr.

Önnur lög og reglur.

Ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, og laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, málsmæðferðarreglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993 svo og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli gilda eftir því sem við á um málsmæðferð samkvæmt reglugerð þessari og um lækna og sérfræðilækna.

25. gr.

Gildi eldri leyfa.

Almenn lækningaleyfi og sérfræðileyfi veitt á grundvelli eldri reglugerða halda gildi sínu.

26. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 5., 8., 30. og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna

Nr.

2023

og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi, nr. 467/2015, ásamt síðari breytingum nr. 29/2017 og 411/2021.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem lögðu stund á eða höfðu lokið formlegu starfsnámi, sambærilegu við það sem kveðið er á um í 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 467/2015, við gildistöku reglugerðar nr. 411/2021, skulu við lok starfsnámsstímans teljast hafa lokið sérnámsgrunni, enda hafi starfsnámið farið fram samkvæmt marklýsingu skv. 19. gr.

Heimilt er að veita læknum sem eru í sérnámi hér á landi og eiga minna en þrjú ár eftir af sérnámi í heimilislækningum, almennum lyflækningum, bráðalækningum, geðlækningum eða barna- og unglingageðlækningum við gildistöku reglugerðar þessarar sérfræðileyfi á grundvelli eldri reglugerðar nr. 467/2015. Þetta á einnig við um lækna í sérnámi í bæklunarskurðlækningum og fæðinga- og kvenlækningum sem stunduðu hluta af sérnámi sínu hér á landi. Undanþága þessi gildir til 30. apríl 2026 nema ef sérnámslæknir fór í veikindaleyfi, fæðingarorlof, eða sambærilegt, eftir gildistöku reglugerðar þessarar, þá gildir undanþágan lengur, sem því nemur, þó eigi lengur en til 30. apríl 2028.

Heilbrigðisráðuneytinu, 15. apríl 2023.

Willum Þór Þórsson.

Ásta Valdimarsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: